


FRÉTTABLAÐ

SKAKSAMBAND



AUSTURLANDS

ÍSLANDSMÓT 2011

Haldið á Eiðum

Keppendur um Íslandsmeistaratitilinn 2011:




Héðinn Steingrímsson
Stórmeistari (2554)



Henrik Danielsen
Stórmeistari (2533)



Pröstur Þórhallsson
Stórmeistari (2387)



Stefán Kristjánsson
Alþjóðl. m. (2483)



Bragi Þorfinnsson
Alþjóðl. m. (2417)



Guðmundur Kjartansson
Alþjóðl. m. (2327)



Ingvar Þór Jóhannesson
FIDE-meistari (2338)



Robert Lagerman
FIDE-meist.(2320)



Guðmundur Gíslason
(2291)



Jón Árni Halldórsson
(2195)

Dagskrá mótsins:

Umf.	Vikudagur	Dagsetn.	Tími
1.	Föstudagur	15.4.2011	14:00
2.	Laugardagur	16.4.2011	14:00
3.	Sunnudagur	17.4.2011	14:00
4.	Mánudagur	18.4.2011	14:00
5.	Þriðjudagur	19.4.2011	14:00
6.	Miðvikudagur	20.4.2011	14:00
7.	Fimmtud. (skírd.)	21.4.2011	14:00
8.	Föstud. (fö. langi)	22.4.2011	14:00
9.	Laugardagur	23.4.2011	09:00
	Lokahóf: Laugard.	23.4.2011	15:00

(Flestar myndirnar eru frá skak.is, nema af Henrik, sem er frá bb.is)

Nokkrir punktar um sögu skáklistarinnar

Skákiðkun er talin upprunnin í Norð-vestur Indlandi á tímum Gupta veldisins á 6. öld og nefndist á sanskrít *“caturanga”*. Heiti og upstilling taflmanna var af hernaðarlegum toga. Elstu minjar um skák eru frá Persíu um árið 600 undir nafninu *“chatrang”*. Ensku orðin chess og check eru komin af persneska orðinu *“shäh”* (kóngur) sem barst til Suður-Evrópu með múslimskum verslunarmönnum. Um árið 1475 fór skákin að taka á sig það form sem þekkt er í dag. Fyrst á Ítalíu og Spáni. Nú mátti fara að leika þeðunum fram um tvo reiti og drottningin varð öflugasti leikmaðurinn og nútíma skák iðkuð með tilvísun til “Queen's Chess eða “Mad Queen Chess”á enskunn. Á 15.öld fóru að koma út rit um eðli skáklistarinnar t.d.” Ástin og skáklistin”eftir spænka klerkinn Luis Ramirez og aðrir skrifuðu um byrjanir og endatöfl. Síðan breiddist skákin norður til Frakklands og þaðan til Norður-Evrópu á 18. öld og kaffihúsin í borgum urðu vinsæll staður til skákiðkunar. Þekkt nöfn frá þessum tíma eru m.a. Franski tónlistarmaðurinn Philidor sem sýndi fram á mikilvægi þeðanna .

Á 19. öld varð þróunin hröð. Skáklúbbar stofnaðir , skákbækur gefnar út , umfjöllun um skák og skákþrautir birtust í blöðum. Árið 1843 var fyrsta yfirgripsmikla handbókin um skákiðkun gefin út af von der Lasa. Fyrsta nútíma skákmótið var haldið í London 1851 og sigurvegari varð Þjóðverjinn Adolf Andersen, nánast óþekktur en sóknjafur mjög sem var reyndar einkennadi fyrir þennan tíma. Það einkenndi taflmennskuna framan af að koma drottningunni sem fyrst í fremstu víglínu og þjarma að kóngi andstæðingsins á sem stystum tíma en síður hugsað um að byggja upp stöðuna. Á þessu sviði varð bylting þegar hinn Prag-fæddi Wilhelm Steinitz kom fram á sjónarsviðið. Steinitz vildi nálgast skákiðkunina á vísindalegan hátt. Einvígi Steinitz og Þjóðv. Zukertort 1886 er talið fyrsta opinbera heimsmeistara einvígið. Steinitz tapaði titlinum til hins unga Þjóðv. Emanuel Lasker 1894 sem hélt titlinum í 27 ár eða lengur en nokkur annar. Það var ekki fyrr en Capablanca vann 1921 sem bundinn var endi á hinn” þýskumælandi” valdatíma í skákinni. Það er talið að Nikulás II rússakeisari hafi útnefnt fyrstu stórmeistarana í skák 1914 en þeir voru: Lasker, Capablanca, Alekhine, Tarrasch og Marshall.

Fyrsti heimsmeistari kvenna var hin Tékknesk -Enska Vera Menchik. FIDE var stofnað í París árið 1924. Framhaldið til okkar tíma verður ekki rakið hér.

Magnús Ingólfsson, Egilsstöðum.

Heimild: Google/chessgame. Á netinu má einnig sjá athyglisverðar upplýsingar um upphaf skákiðkunar á Íslandi.

Um Skáksamband Austurlands

Skáksamband Austurlands var stofnað á Egilsstöðum 8. maí 1976 og er því rétt að verða 35 ára. Starfsemi hafði þó byrjað fyrr. Á stofnfundinum voru fulltrúar frá Egilsstöðum, Eskifirði, Neskaupstað og Reyðarfirði, segir Trausti Björnsson í grein í fyrsta Fréttablaði Skáksambands Austurlands 1976. Á fundinum var einnig forseti Skáksambands Íslands, Einar S. Einarsson, og færði hann hinu nýstofnaða Skáksambandi Austurlands peningagjöf frá Skáksambandi Íslands. Einnig lagði hann fram drög að lögum sambandsins, sem samþykkt voru á fundinum með lítilsháttar breytingum. Síðan segir Trausti: "Í fyrstu stjórn Skáksambands Austurlands völdust þessir

menn: Trausti Björnsson, Eskifirði, formaður, Magnús Ingólfsson, Egilsstöðum, gjaldkeri, Karl Hjelm, Neskaupstað, ritari, Jóhann Þorsteinsson, Reyðarfirði og Einar Ólafsson, Vopnafirði, varamenn".

Skáksamband Austurlands eignaðist strax merki. Það teiknaði Árni Helgason, kennari á Eskifirði, og gaf Skáksambandinu. Hefur það ætíð prýtt Fréttablað Skáksambands Austurlands síðan. Það var svo í maílok 2001 að Skáksamband Austurlands sótti um kennitölu og komst loks formlega á firmaskrá sem áhugamannafélag enda þá löngu orðið vandkvæðum bundið að hafa ekki kennitölu. Fyrsta grein laga Skáksambands Austurlands hljóðaði þannig í upphafi: "Skáksamband Austurlands er svæðissamband skákfélaga á Austurlandi. Skáksamband Austurlands skal vera meðlimur í Skáksambandi Íslands fyrir hönd sinna aðildarfélaga". Síðan hafa aðstæður breytt og lög Skáksambands Íslands einnig. Það var svo árið 1989 að uppi varð fótur og fit á aðalfundi Skáksambands Íslands, þegar fulltrúi Skáksambands Austurlands mætti þar. Í ljós kom að það samrýmdist ekki lögum Skáksambands Íslands að svæðissamband ætti fulltrúa á aðalfundi þess, það gátu einungis taffélög átt. Jóhann Þórir Jónsson, heitinn, talaði hins vegar rösklega fyrir því að þessi mál yrðu lagfærð hjá Skáksambandi Íslands.

Það var svo 13. maí 2001, að Skáksamband Austurlands samþykkti lagabreytingu, m.a. með tilliti til ofangreinds en einnig þess, að aðildarfélögin höfðu vart verið með lífsmarki síðustu árin. Fyrstu grein var breytt og hljóðar nú svo: "Skáksamband Austurlands er svæðissamband skákfélaga á Austurlandi, skammstafað SAUST, en jafnframt skákfélag. Félagsmenn annarra skákfélaga á félagssvæðinu geta orðið félagar í Skáksambandi Austurlands einvörðungu, t.d. ef skákfélag í heimabyggð er ekki starfandi".

Í dag er staðan sú, að ekki er vitað til að eitt einasta skákfélag á félagssvæðinu sé starfandi. Skáksamband Austurlands er því fyrst og fremst skákfélag í dag, þrátt fyrir nafnið. Þessi lausn, að gera Skáksamband Austurlands að skákfélagi ásamt því að viðhalda hinum upprunalega tilgangi að sameina krafta allra skákfélaga á Austurlandi kann að virðast nokkur tvískinnungur, en virðist hafa náð markmiði sínu. Félagsmenn Skáksambands Austurlands eru því í skákfélagi, þótt þeirra upprunalega heimafélag hafi nú lognast út af. Framvegis er þó ekkert því til fyrirstöðu að einhver þessara litlu félaga lifni við að nýju, ef áhugi á skák vex aftur. Vilji þau t.d. taka þátt í mótum í eigin nafni geta þau það, en viðkomandi félagar mundu þá ekki tefla fyrir Skáksamband Austurlands á sama tíma.

Guðm. Ingvi Jóh.

Formenn Skáksambands Austurlands frá upphafi:

1976 - 1978	Trausti Björnsson
1978 - 1979?	Kristinn Kristinsson
1979? - 1983	Einar Már Sigurðarson
1983 - 1986	Þór Örn Jónsson
1986 - 2001	Guðmundur Ingvi Jóhannsson
2001 - 2004	Jón Björnsson
2004 - 2005	Sverrir Gestsson
2005 - 2007	Hákon Sófusson
2007 -	Guðmundur Ingvi Jóhannsson

Fróðleiksmolar úr gömlum Fréttablöðum.

1. tbl. 1976: Guðmundur Sigurjónsson, stórmeistari, tefldi fjöltefli við skólanemendur 16. mars.

Hollenski stórmeistarinn Jan Timman með fjöltefli á Eskifirði og Reyðarfirði í ágúst.

Helgarskáknot á Egilsstöðum í okt. 1976.

3.tbl. 1977: V. Smyslov tefldi fjöltefli á Egilsstöðum 16. apríl.

1. tbl. 1978: Helgi Ólafsson, skákmeistari, setti Íslandsmet í blindskák, er hann tefldi 10 skákir samtímis að Eiðum (vann 9, tapaði einni)

Skákþing Íslands, landsliðsflokkur , er nú haldið á Eiðum.

Eiðar

Eiðar voru stórbýli til forna, höfðingjasetur og kirkjustaður.

Á 16. öld bjó á Eiðum Margrét ríka. Hákarla-Bjarni var afi hennar og ýmsir telja að útgerð hans í Suðursveit hafi átt drýgstan þátt í auðæfunum ættarinnar. Aðrir telja að auðurinn hafi myndast vegna mikillar járnvinnslu úr mýrarauða. Smiðjuhóll stendur skammt frá fyrrum skólahúsum. Nægur eldiviður til járngerðar var í landi Eiða fyrr á öldum.

Droplaugarsona saga lýsir umhverfi Eiða á þann hátt, að þar hafi verið svo skógi vaxið, að ókleift var að fylgjast með gestakomum áður en barið var að dyrum. Helgi Ásbjarnarson, banamaður Helga Droplaugarsonar, bjó á Eiðum. Helgi Droplaugarson á Eiðum var síðar drepinn í rúminu hjá konunni sinni í hefndarskyni.

Einu skógarleifarnar hjá Eiðum frá fornri tíð eru í Eiðahólma. Það var ekki fyrr en á árunum 1938-39, að 500 ha lands voru girtir af og friðaðir til skógræktar.

Eiðaskógur er mest sjálfsprottinn birkiskógur og er í umsjón Skógræktarinnar . Þar hefur líka verið plantað talsvert, m.a. við Húsatjörn.

Eiðar voru fyrrum eitt af höfuðbólum Fljótsdalshéraðs. Árið 1883 var stofnaður þar bændaskóli en honum var breytt í héraðsskóla (Alþýðuskólinn á Eiðum) árið 1918.

"Eiðasambandið" var stofnað 1921 sem félag þáverandi og fyrrverandi nemenda og kennara skólans.

Það hélt Eiðamót hvert sumar á Eiðum næstu árin og fóru þau að hluta til fram í Eiðahólma í Eiðavatni þar sem ungmennafélag hreppsins hafði komið upp aðstöðu til samkomuhalds um áratug fyrr. Árin 1925-1930 gaf sambandið út fjölrítað tímarit; "Eiðakveðju".

Félagið starfaði til 1940 en þá var stofnað upp úr því Ungmennasamband

Austurlands er síðar breyttist í Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (ÚÍA) sem ennþá starfar.

Vart fer milli mála að Eiðaskóli hafi verið helsta menningarstofnun Austurlands í heila öld. Skólastjórar búnaðarskólans og alþýðuskólans voru valinkunnir merkisberar og mótuðu þann mannræktaranda sem einkenni skólastarfið þar lengi vel og Benedikt Gíslason frá Hofteigi nefndi "andann frá Eiðum". Þórarinn Þórarinsson skólastjóri tók upp kjörorðið "mantak, mannvit, manngöfgi" sem hann nefndi "M-in þrjú" og lét setja í merki skólans.

Við Eiðavatn er sumarhúsabyggð og í gömlu skólabyggingunum er starfrækt sumarhótel og haldin ýmis námskeið. Kirkjumiðstöð Austurlands er skammt austan Eiðavatns, en þar eru starfræktar sumarbúðir.

Nokkur silungsveiði er í Eiðavatni. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru gegnum kjarrivaxna ása Eiðastaðar.

Skólinn var lagður niður í lok 20. aldar og síðan hafa verið uppi áform að finna þessum sögufræga stað verðug verkefni. Árið 2001 voru Eiðar seldar einkaaðilum í þeim tilgangi að þar rísi miðstöð menningar, ferðaþjónustu og menningarseturs en lítið eru sjáanlegar framkvæmdir til viðhalds staðarins.

Sögustofa á Eiðum

Vorið 1998 voru stofnuð Samtök Eiðavina með það að markmiði „að stuðla að endurreisn Eiðastaðar, í þágu menningar- og athafnalífs á Austurlandi“.

Samtök Eiðavina hafa allt frá stofnun 1998 haft á stefnuskrá sinni að kynna sögu staðarins og við endurskoðun félagslaga 2002 var skerpt á því hlutverki með því að bæta eftirfarandi ákvæði við markmið samtakanna: Að stuðla að uppbyggingu sögustofu á Eiðum þar sem rakin yrði saga skólahalds á staðnum. Á aðalfundi 2. júní 2007 var hugmynd um sögustofu kynnt og samþykkt eftirfarandi tillaga: Aðalfundur Eiðavina felur stjórn samtakanna að

hefja nú þegar undirbúning að stofnsetja sögustofu á Eiðum. Leitað verði eftir hentugri staðsetningu í byggingum staðarins hjá húseiganda og samstarfi við Minjasafn Austurlands um faglega aðstoð og framtíðarskipan. Hafin var fjársöfnun fyrir þetta málefni á fundinum.

Húsnæði: Fundarmenn voru strax sammála um að æskilegasta húsnæði fyrir sögustofuna væri í norðurenda gamla skólahússins frá 1908/1926. Þessi hluti hússins varð fyrir litlum skemmdum þegar skólahúsið brann 1960, og stendur enn lítið breyttur. Hann tengir saman skólahúsið Miðgarð, sem byggt var eftir brunann, og Íþróttahús frá 1943 og er með sér inngangi.

Um er að ræða tvær samliggjandi skólastofur á neðri hæð, með breiðum millidyrum, fyrrum nefndar Yngri- og Eldri deild. Önnur stofan var útbúin fyrir kennslu í eðlisfræði og náttúrufræði 1975, en hin var hólfuð í tvennt og nýtt til geymslu náttúrugripa, kennsluáhalda o.fl. Sérstök innganga er í þennan húshluta um hinar gömlu útidyr skólans og tröppur. Óskinni var komið á framfæri við eiganda Eiðastaðar, Sigurjón Sighvatsson, sem brást vel við þessari beiðni, og heimilaði Eiðavinum afnot af umræddum stofum fyrir sögusýninguna. Var gengið frá samningi þess efnis vorið 2008, sem gildir í fimm ár (og framlengist sjálfkrafa ef honum er ekki sagt upp?). Samtökin þurfa aðeins að greiða fyrir ljós og hita.

Sama ár var undirbúningur hafinn við að standsetja húsnæðið. Árið 2009 var innréttingum breytt, tvö skilrúm sett í aðalstofuna, húsnæðið málað, sett upp sýningarhólf, o.fl. Leitað var til fyrrum nemenda Alþýðuskólans um framlag til verkefnisins og tókst það allvel:

Málningaþjónusta Jóns og Þórarins, Egilsstöðum, og Orri Hrafnkelsson, Fellabæ, Óskar Björgvinsson Egilsstöðum, og Þórhallur Eyjólffsson, Eg., stóðu aðallega að því verki. Baldur Björgvinsson, Breiðdalsvík, teiknaði lýsingu í stofuna, og hefur boðist til að útvega efni í hana á heildsöluverði. Þórarinn Þórarinsson, arkitekt frá Eiðum, teiknaði skipulag stofunnar, og síðar kom Björn Kristleifsson arkitekt að þeirri vinnu með því að hanna sýningarborð o.fl.

Eiðasöguritun Helga Hallgrímssonar 2009 var einnig liður í þessu átaki, en markmið hennar var m.a. að útbúa texta fyrir veggspjöld sem nú er langt komin, Skúli Björn Gunnarsson á Hallormsstað hannaði uppsetningu og Sandra Mjöll Jónsdóttir sá um uppsetningu á spjöldunum. Allir hafa þessir aðilar lagt fram vinnu sína án endurgjalds.

Flestir minjagripir, bækur og myndir voru teknar úr skólahúsinu um aldamótin 2000 og færðir opinberum stofnunum á Egilsstöðum, þ.e. Menntaskólanum, Minjasafni Austurlands og Héradsskjalasafni Austfirðinga til varðveislu eða eignar, þó varla hafi verið formlega frá því gengið. Aðeins fáeinir þessara gripa og mynda eru til sýnis, en langflestir í geymslum. Í M.E. og á skrifstofum Fljótsdalshéraðs eru nokkur málverk úr Eiðaskóla á veggjum.

Núverandi safnstjórar telja lítil tormerki á því að lána minjagripa og myndir til fyrirhugaðrar sögustofu, jafnvel til langs tíma, ef varðveisla þeirra og öryggi yrði tryggt. Talsvert af bókum, tækjum og húsgögnum er enn geymt á Eiðum og geta samtökin fengið það sem þau óska af því fyrir sögustofuna. Ennfremur verður leitast við að safna gripum, myndum o.fl. úr eigu nemenda og kennara frá dvöl þeirra í skólanum.

Rekstur sögustofu á Eiðum er hugsaður í ýmsu formi, og hlýtur að að taka mið af annari starfsemi í húsakynnum Eiðaskóla, sem enn er í deiglu. Ekki verður annað séð en sögustofan samræmist vel því markmiði sem eigendur hafa sett sér - og skuldbundið sig til í kaupsamningi: að viðhalda Eiðum sem menningar- og menntasetri.

Einnig ætti hún að laða Eiðamenn og annað ferðafólk að staðnum og auka arðsemi hótélreksturs þar.

Ætlunin er að hafa sögustofuna opna almenningi flesta daga yfir sumarið, en annars vikulega eða eftir þöntun. - Stofnkostnaður sögustofu hefur verið áætlaður um 2-3 milljónir króna, jafnvel þótt mikill hluti verði lagður fram í sjálfboðavinnu. Helst þyrfti að ráða mann til að hanna og setja upp sýninguna, og gera verður ráð fyrir nokkrum rekstrarkostnaði.

Treglega hefur gengið að afla styrkja til þessa verkefnis, þótt ýmislegt hafi verið reynt. Um 800 þúsund kr. fengust þó á sl. árum, frá Menningarráði Austurlands, Menningarsjóði Héraðs og Alcoa.

Á næstunni verður leitað eftir fleiri styrkjum. Því verður naumast trúað að Austfirðingar, og sérstaklega fyrrum nemendur Eiðaskóla, vilji ekki leggja því lið að halda uppi minningu síns gamla skóla, sem flestir hljóta að vera í þakkarskuld við.

Áætlað er að leita eftir framlögum frá þeim ca. 2500 Eiðamönnum sem enn eru ofan moldar, en þeir hafa nú allir verið skráðir félagar í Samökum Eiðavina. Virkir félagar eru þó aðeins þeir sem greiða félagsgjaldið, kr. 1000.

Bókin *Alþýðuskólinn á Eiðum* eftir Ármann Halldórsson er til sölu á hagstæðu verði hjá formanni, eins 100 eintök af nýjasta hefti af *Glettingi* sem er eingöngu tileinkað Eiðum sem Helgi Hallgrímsson gaf samtökunum svo og póstkort með gömlum myndum, sem Auðun Einarsson gaf út.

Sögustofan var stofnuð fyrst og fremst í þágu Eiðamanna og hlýtur að standa eða falla með áhuga þeirra. Því er hérmeð skorað á alla fyrrum nemendur og annað starfsfólk

Alþýðuskólans á Eiðum að láta einhverja peningaupphæð af hendi rakna til umrædds verkefnis, eftir efnum og ástæðum hvers og eins. Samtökin hafa stofnað sérstakan reikning á nafni Eiðavina í Íslandsbanka á Egilsstöðum, nr. 0568-26-001030 (Kt. 560698-3569), sem hægt er að leggja inn á.

Ólafía Herborg Jóhannsdóttir, Fellabæ (form.)
(Netfang: okkaramilli@simnet.is)

	Íslandsmót Eiðum apríl 2011	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	V
1	FM Róbert Lagerman (2320)											
2	AM Stefán Kristjánsson (2483)											
3	AM Bragi Þorfinnsson (2417)											
4	SM Henrik Danielsen (2533)											
5	Guðmundur Gíslason (2291)											
6	SM Héðinn Steingrímsson (2554)											
7	AM Guðmundur Kjartansson (2327)											
8	Jón Árni Halldórsson (2195)											
9	SM Þröstur Þórhallsson (2387)											
10	FM Ingvar Þór Jóhannesson (2338)											

Opnunartími sundlaugar og tækjasalar: Mán., Mið, Fö: 6:00 - 20:30; Þri, Fi: 6:30 - 20:30; Lau, Su. og skírdag: 9:30 - 18:00; Föstud. langa, páskadag: Lokað
Skíðasvæðið í Stafdal Opnunartímar: Sjá: <http://skis.123.is/>

Fréttablað SAUST er gefið út af Skáksambandi Austurlands (SAUST). Stjórn skáksambands Austurlands:
Formaður: Guðmundur Ingvi Jóhannsson, Gjaldkeri: Rúnar Hilmarsson, Ritari: Jón Björnsson

Styrktaraðilar Íslandsmótsins

Sigurjón Sighvatsson



Fjóttsdalshérað



FJARÐABYGGÐ



Fjóttsdalshreppur



Hitaveita Egillsstöða & Fella



Íslandsbanki



Alcoa Fjarðaál



Tannlæknastofa
Austurlands

